

Tillaga að ályktun um setningu laga um lagareldi.

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024 lýsir hvetur Alþingi og stjórnvöld að ljúka lagasetningu er varðar endurskoðun á stefnumörkun, framkvæmd og eftirlit með fiskeldi og breytingum á fyrirkomulagi fiskeldissjóðs.

Fyrir liggur vönduð vinna er varðar stefnumörkun og endurskoðun laga um lagareldi. Samráð í ferlinu gaf góð fyrirheit um skýr markmið stjórnvalda um að efla stjórnsýslu og fá skýrari ramma fyrir atvinnulíf. Aðalmarkmiði laganna í upphafi var að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu. Markmið laganna var einnig að breyta fiskeldissjóð í samfélagsjóð með beinni úthlutun til fiskeldssveitarfélaga í stað úthlutunarsjóðs með miklum ófyrirsjáanleika.

Fjórðungsþing Vestfirðinga hvetur því stjórnvöld til að leggja frumvarpið fram að nýju á Alþingi og skapa þannig skýran ramma fyrir lagareldi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem ágreiningur hefur ríkt um.

Flutningsmaður: Stjórn FV